

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1968 og við brtt. á þskj. 110.

- I. Frá *Karli Guðjónssyni*.  
 Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01). Þús. kr.
- |   |       |
|---|-------|
| a. Við 246 0 40 Iðnskólar, almenn. Gjaldfærður stofnkostnaður.<br>Fyrir „5 338“ kemur .....       | 7 338 |
| b. Við 702 Styrkir til myndlistarskóla. Viðfangsefni 03 Vestmannaeyjar.<br>Fyrir „20“ kemur ..... | 50    |
- II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni og Eðvarð Sigurðssyni*.  
 Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 04).  
 Við 213 Viðfangsefni 03 Byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa.  
 Fyrir „35 946“ kemur ..... 45 946  
 Í sundurliðun 2. 1. Reykjavík komi 28 000 í stað 18 000.
- III. Frá *Karli Guðjónssyni*.
- |  |     |
|--|-----|
| 1. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 05).<br>a. 501 Vinnumál. Viðfangsefni 06. Nýr liður:<br>Orlofsheimili BSRB .....                                     | 600 |
| b. Við 999 Ýmis framlög. Viðfangsefni 47 Dagheimili.<br>Fyrir „500“ kemur .....  | 550 |
| Í sundurliðun 3. 2. Í Kumbaravogi komi 100 í stað 50.  |     |
| 2. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 07).<br>Við 155 0 94 Sjómannaskóli í Vestmannaeyjum. Til einstaklinga heimila og samtaka.<br>Fyrir „400“ kemur ..... | 600 |
- IV. Frá *Skúla Guðmundssyni*.  
 Við brtt. 3. (Við 5. gr. — 2 06).  
 Við 501 Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.  
 Við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:  
 Óheimilt er að veita nokkrum öðrum en sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði á vörum verzlunarinnar. Þó má veita Eimskipafélagi Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins og Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli afslátt á verði á vörum, enda séu þær eingöngu seldar farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu inn-  
 lands.
- V. Frá *Karli Guðjónssyni*.  
 Við 6. gr. IX. Nýr liður.  
 Að láta 15% af heildarsölu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Vestmannaeyjum árin 1967 til 1976, að þeim árum báðum meðtöldum, renna til stofnkostnaðar Vatnsveitu Vestmannaeyja.
- VI. Frá *Sigurði Bjarnasyni*.  
 Við brtt. 4. (Við 6. gr.) Aftan við tillöguna bætist nýr liður:  
 Að verja 90 þús. kr. til þess að reisa skýli í Vatnsfirði á Barðaströnd yfir teinæringinn Egil í Hvallátrum.